

tækjum eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á á hverjum tíma. Óheimilt er að nota fé sjóðsins til rekstrar þessara stofnana.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók skal liggja frammi í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og má færa í hana stutt æviágrip þeirra, sem minningargjafir eru gefnar um og skulu gefendur annast ritun þeirra.

6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal í fyrsta sinn ekki fara fram fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 200 000.00, en þá má veita úr honum þá upphæð sem umfram er kr. 100 000.00.

Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins þannig að hann verði lægri en kr. 100 000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir Héraðssjúkrahússins á Sauðárkróki og tvær konur, önnur búsett á Sauðárkróki en hin í Skagafjarðarsýslu.

Konur þessar skulu vera starfandi kvenfélagskonur og skulu þær kosnar á aðalfundi Sambands skagfirzkra kvenna til þriggja ára í senn. Á sama hátt skulu kosnar tvær konur til vara.

Endurskoðendur reikninga Héraðssjúkrahússins skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 7. júlí 1969.

F. h. stofnenda í stjórn Sambands skagfirzkra kvenna:

Pála Pálsdóttir.

Helga Kristjánsdóttir.

Emma Hansen.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Eyrarbakkahreppi í Árnassýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er ráðningartímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæli á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum yrði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbyggðar hefur samþykkt í Árnassýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.